

Áfangalýsing - Líffræði



Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – vorönn 2011

Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

LÍF 104

Fjöldi eininga

4

Undanfari

NÁT 102, NÁT 204, NÁT 304 og EFN 102

Lýsing á efni áfangans:

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að veita nemendum yfirsýn yfir vistfræðina sem fræðigrein svo og að fá innsýn í dýraatferlisfræði. Sérstök áhersla er lögð á sérstöðu Íslands, helstu gerðir vistkerfa og vistfræði- og atferlisrannsóknir, helstu nytjadyrastofna lands- og sjávar/ferskvatns, villt spendýr og fuglar. Helstu hugtök vistfræðinnar eru tekin fyrir og ætlast til þess að nemendur geti nýtt sér þau í framsetningu verkefna sinna.

Kennslugögn:

Inquiry into life; eftir Sylvia S. Mader, 12. útg. (kaflar 32- 36)

Bókin nýtist helst til kynningar á hugtökum og erlendum dæmum

Tímaritsgreinar, fræðigreinar víða að

Myndbönd/DVD og efni á netinu

Námsmat:

Kaflapróf; meðaltal prófa á önninni: 30%

Ýmis styttri verkefni; 30%

Heimildarverkefni; 1 ritgerð og kynningar nemenda á fræðigreinum: 30%

Mat kennara á vinnu nemenda, vinnubrögðum og framförum: 10%

Áfangalýsing - Líffræði



Lokamarkmið áfanga:

Að nemendur:

- þekki helstu hugtök og stefnur innan vistfræðinnar
- þekki gerðir vistkerfa, hvaða öfl eru þar að verki og hvernig þau mótast
- geti gert grein fyrir innbyrðis tengslum lífvera og tengslum lífvera við ólífrænt umhverfi sitt
- geti lýst orkuflæði um vistkerfi, fæðukeðjum, efnahringrásum og aðferðum við stofnstærðarmælingar
- þekki sérstöðu íslenskrar náttúru t.d. vegna landfræðilegrar legu og eldvirkni
- kunna skil á: eyjaáhrifum, sjávarvistkerfi, fjörugerðir, þurrlandis- og votlandisvistkerfi m.t.t. Íslands
- geti greint frá helstu nytjastofnum Íslands svo og algengustu hryggdýrategundunum
- öðlist reynslu í að afla upplýsinga úr fræðigreinum og vinna úr þeim eigin kynningarefni
- kynnist lítillega atferlisfræði og aðferðum við atferlisrannsóknir
